



## ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR KYNBUNDINS OFBELDIS Á SUÐURLANDI

Rangárþing ytra

Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri

Suðurlandsvegi 1-3

850 Hella

Selfossi, 8. nóvember 2021

Kæri samstarfsaðili í SIGURHÆÐUM

Hinn 25. nóvember næstkomandi hefst árlegt alþjóðlegt sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, en allar götur síðan í byrjun þessarar aldar hafa fjöldamargir aðilar á Íslandi tekið þátt. Sextán daga átakið hefst á alþjóðadegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna 10. desember.

Hin alþjóðlega hreyfing Soroptimista, sem Soroptimistaklúbbur Suðurlands er hluti af, tekur fullan þátt í þessu átaki og í ár er átakið helgað stafrænu ofbeldi. Litur átaks Soroptimista er appelsínugulur.

Við í Soroptimistaklúbbi Suðurlands notum tækifærið hinn 25. nóvember nk. og efnum til opins fundar um sextán daga átakið og SIGURHÆÐIR – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi - í Tryggvaskála á Selfossi. Þar verður m.a. gerð grein fyrir hinni miklu samstöðu og einhug sem ríkir í sunnlensku samfélagi um SIGURHÆÐIR, svo sem hjá sveitarfélögunum, lögreglu, sýslumanni og HSU. Á starfsáætlun SIGURHÆÐA fyrir næsta ár eru viðlíka fundir í öllum öðrum þéttbýliskjörnum á Suðurlandi. Væntum við góðs samstarfs við sveitarfélagið þegar að því kemur að skipuleggja þá fundi nánar.

Við sendum hér með appelsínugulan fána ef vera kynni að þú og þitt sveitarfélag vilji taka þátt í sextán daga átakinu með því að flagga til dæmis á/við skrifstofubyggingu þess. Einnig hvetjum við til þess að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að helstu byggingar í sveitarfélaginu verði lýstar upp í appelsínugulum – roðagylltum - lit á meðan átakið varir, en dæmi um slíkar byggingar geta verið kirkjur, sundlaugar, skólabyggingar og jafnvel stórir vinnustaðir. <https://www.exton.is/> selur appelsínugular glærur.

Við eigum einnig annað erindi við þig. Um miðjan þennan mánuð munu SIGURHÆÐIR flytja starfsemi sína að Þórsmörk 7 á Selfossi. Víða um Suðurland á starfsstöðvum sveitarfélaga liggja bæklingar frammi um SIGURHÆÐIR, en þeir eru af þessum sökum auðvitað að úreldast, einnig vegna þess að nýir samstarfsaðilar hafa bæst við síðan bæklingurinn var prentaður. Viljum við óska þess að bæklingunum verði fargað, en nýrri útgáfu af honum verður komið til ykkar innan skamms.

Í von um áframhaldandi gott samstarf,  
með heillakveðju



Hildur Jónsdóttir

verkefnisstjóri SIGURHÆÐA



Jóna Ingvarsdóttir

formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands



25. nóvember - 10. desember

**Roðagyllum  
heiminn  
SOROPTIMISTAR  
SEGJA NEI  
VIÐ OFBELDI**

soroptimist.is